ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)

2. ÁRG. 2 TBL. 1976

★★★★★★★★★★★★

Takið þátt í námsstarfi EIK(m-l)

UPPLÝSINGAR GEFUR SIGRÚN HULD ÞORGRÍMSDÓTTIR Í SÍMA 27837

Reisum merki stéttabaráttunnar á ný

Lesið leiðara

ANGOLA: Taflborð risaveldanna

Stríðið í Angóla er augljóst dæmi um að "ÞÍÐAN" svokallaða milli risaveldanna Bandaríkjanna og Sovétríkjanna er búin að vera,enda aldrei verið til nema í orðum.

Vígbúnaður og vopnaskak einkennir allt samband risaveldanna í verki.Angóla er orðið mikilvægt svæði í þessu sambandi og ekki að ástæðulausu. Bæði risaveldin keppst um að ná fótfestu í V-Afríku.Andspænis þeim stendur sífellt harðari og meðvitaðri þjóðfrelsisbarátta allrar alþýðu í Afríku. Hvert ríkið á fætur öðru í Afríku hefur varpað af sér nýlendufjötrum. Risaveldin verða því að beita fyrir sig trjóuhests-aðferðinni,að lauma sér inn undir því yfirskyni að þau séu að hjálpa. Í þessu sambandi eru aðferðir Sovétríkjanna sérdeilis hættulegar.

"SAMVINNA" og "FRIÐUR".

Fyrir 1970 hófu Sovétr. útþenslustefnu sína í Afríku undir merkjunum, "samvinna" og "friður". Þau hafa haldið á lofti loforðum um "iðnaðarsamvinnu" og "alþjóðlega verkaskiptingu".(Við þekkjum t.d. til þess að "vinstri"stjórnin hafði samband við Sovétr. varðandi málmbræðslu á Íslandi,þar sem hráefnið átti að koma frá Gambíu,vélar og tæki frá Sovétr. og orka og vinnuafl frá Íslandi.)

Tilgangur Sovétr. er augljós.Þau reyna með þessu móti að þrengja sér inn í og ná yfirráðum yfir öðrum löndum.

Undir yfirskini "iðnaðarsamvinna" hafa Sovétr. aukið starfsemi sína í Afríku sem annarstaðar í 3.heiminum.Þau hafa undirritað samninga við 49

frh.bls. 3

★★★

INNI Í BLAÐINU:

★

UM RAUDA ÆSKU

★

FINNLAND OG SOVÉTR.

★

Yfirlýsing frá EIK(m-l)

★★★

LANDHELGISMÁLIÐ

Stofnum fjöldasamtök

FYRIR ÁRAMÓTIN VAR STOFNUÐ SAMSTARFSNEFND NOKKURRA SAMTAKA SEM SKIPULEGGJA SKYLDI BARÁTTU FYRIR FISKVEIÐILÖGSÖGUNNI. EIK(m-l) ÁTTU AÐILD AÐ NEFNDINNI. NÚ HAFA ALÞÝÐUBANDALAGIÐ(æskulýðsnefnd),KSML og SAMTÖK FRJÁLSLYNDRA OG VINSTRI MANNA(æskulýðsnefnd) REKIÐ EIK(m-l) ÚR NEFNDINNI. RÖK ÞEIRRA ERU: RÓGUR UM NEFNDARAÐILA,KLOFNINGSSTARFSEMI OG BAKTJALDAMAKK. ÁSTÆÐAN: EIK(m-l) LEYFÐI SÉR AÐ GAGNRÝNA STÖRF NEFNDARINNAR OG EINSTAKA AÐILA HENNAR Í VERKALÝÐSBLAÐINU(sjá 1.tbl.1976).

MÁLAVEXTIR

Eftir illa heppnaðar andófsaðgerðir í des. ákvað fulltrúanefndin að efna til nýrra aðgerða síðast í janúar '76. Framkvæmd ákvörðunarinnar lá í salti fram yfir áramót. Fulltrúi EIK(m-l) reið á vaðið fyrstu viku í janúar og reyndi að ná nefndinni saman.Það gekk illa og a.m.k. fimm tilraunir voru gerðar fram til 19.1. þá ákvað fundur nefndarinnar (ekki fullskipaður)að halda baráttufund 25.1. Þá var orðið ljóst að stuðningsaðgerðir vour fyrirhugaðar á Norðurlöndunum sömu helgi en EIK(m-l) hafði þá sent fréttir þegar í desember um fyrirhugaðar aðgerðir til Noregs. Aksjón Kyst-Norge (þverpólitísk fjöldasamtök um landhelgi við Noreg) tók ákvörðun um aðgerðadag í Noregi í ljósi ákvörðunar íslensku nefndarinnar. Í Færeyjum og Svíþjóð a.m.k. var einnig gert ráð fyrir aðgerðum. Nú gerðist það aftur, samtímis utanför Geirs Hallgrímssonar til London, að nefndin ákveður að tilhlutan Framsóknarmanna (auðvitað!) að engar aðgerðir fari fram -

frh.bls.3

Smábændur: Til baráttu!

VERKALÝÐSBLAÐIÐ hefur rekið áróður fyrir sameiginlegum hagsmunum verkalýðs,vinnandi alþýðu og bænda. Andstæðingur þessara afla eru einokunarhringirnir og ríkisauðvaldið - SÍS, bankakerfið og t.d.Áburðarverksmiðjan.

Vinnandi fólki í Reykjavík og bæjum landsins er nauðsyn á að framleiðsla bænda haldist í horfinu og sé seld við viðráðanlegu verði.

Peningavaldið og hagsmunaklíkurnar í stofnunum þeim er bændur skipta við líta ekki þannig á málin.Fyrir þeim eru bændur fólk sem hægt er að græða á.

Í ársskýrslum Búnaðarsambandsins kom glöggt í ljós hvernig ástandið er meðal smærri bænda. Búum fækkar,mjólkurframleiðsla minnkar, afkoma versnar (meðaltekjur rúm ein milljón kr.á ári!) og lánakjör versna.

Menn skyldu ekki halda að þetta sé "tilviljun" eða "versnandi árferði" að kenna.Einokunarhringurinn í landbúnaði dafnar einfaldlega á því að arðræna minni og meðalbændur,en hygla fremur þeim stóru. Ríkisvaldið gengur hagsmuna hringanna,enda sitja menn úr Framsóknarflokknum í stjórn Búnaðarbankans, sjóðanna og SÍS o.fl.

Sláandi dæmi um aðfarirnar er eftirfarandi:

Mjólkurbúin halda því fram að mjólkurframleiðsla á búum útheimti kælitanka,heimreið fyrir tankbíla o.fl. En "því miður" séu þetta svo dýrar framkvæmdir að aðeins efnaðir bændur ráði við þær,og "því miður" verði því margir bændur að hætta mjólkurframleiðslu af því mjólkin er ekki keypt og sótt ef ekki er vegur fyrir tankbílana og kælitankur! Ja,blessaðar framfarirnar.

Eina færa leiðin smábændum til handa er að hefja baráttu gegn SÍS og ríkinu og taka höndum saman við verkalýðinn og alþýðu bæjanna.Neiti smábændur að borga skatta,afborganir eða nái þeir fram kjarabótum,er mikið unnið.

Verð á landbúnaðarvörum er vissulega of hátt,en munum að stór hluti verðsins fer ekki til bænda(það sýna tekjur þeirra) heldur til milliliða (t.d.SÍS) og í sjóði landbúnaðarins - og þeir eru ekki fyrir alla bændur.

EINING MEÐAL VINNANDI ALÞÝÐU.

EINING VERKALÝÐUR OG BÆNDUR.

EINING Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ
málgagn EIK(m-l)
RITSTJ. OG ÁB.M.:ALBERT EINARSSON

LEIÐARI

Í yfirstandandi kjaraátökum væri mörgum holt að leiða hugann til liðinna kjaraátaka. Árið 1942, - sem "verkalýðsforingjarnir" flagga á tyllidögum - náðist eftir harðvítuga baráttu í formi skæruverkfalla um allt land 40% kjarabót. Þetta tókst vegna þess að víðast voru stéttarfélögin virk og lýðræðisleg baráttutæki vaknandi stéttar.

Árin 1974-76 er slagkraftur hreyfingarinnar hins vegar orðinn svo smálegur að auðherranum hefur tekist að þrýsta kaupmættinum niður um nálægt 40%.

Helstu orsakir hnignunarinnar eru svik pólitískrar og faglegrar forystu vinnandi fólks.

Í dag birtist pólitísk "forusta" AB í því að bjóða betri stjórnun auðvaldsframleiðslunnar "hafa vit fyrir auðvaldinu"(E.O. bankaráðsmaður Landsbankans)þ.e.a.s. þátttaka í ríkisstjórn og sífelld sókn í ráðherrastólana ásamt með setu í fjölmörgum stofnunum nefndum og ráðum ríkisvaldsins.

Samfara þessu eru tilraunir AB-forustunnar til að kæfa öll baráttumál inni á þingi. Hvernig vegnaði t.d. landhelginni og hermálinu í tíð "vinstri"stjórnarinnar? Hverjir stóðu fyrir frestun(sem endaði með afnámi) á greiðslu vísitölubóta á laun vorið '74? M.a. AB. Leiðari Þjóðviljans 20.2.'76 segir:.."verka fólk hefði oft getað sparað sér fórnfreka verkfallsbaráttu til að knýja fram réttindamál, með því einu að þekkja sinn vitjunartíma, þegar háðar eru kosningar til alþingis á fjögurra ára fresti".

Verkalýðs"forustan" 1976 semur við atvinnurekendur um auknar lífeyrisgreiðslur úr sjóðum sem eru eign meðlima stéttarfélaganna, engra annarra, í stað þess að reka atvinnurekendur úr stjórnum þeirra og breyta síðan einhliða fyrirkomulagi þeirra í þá átt að vinnandi fólk hafi verulegan hag af þeim. Nú er verulegur hluti þeirra látinn"brenna upp" í verðbólgunni og alls kyns braskarar græða.

Verkalýðsforustan 1976 hefur enga fastákveðna kaupkröfu né hefur sagt orð um hvort beri að vísitölubinda laun eða ekki í núverandi kjarasamningum. Það hefur ekki þótt góð aðferð í baráttu að setja ekki upp ákveðin markmið og kröfur. Í þessu tilfelli er orsökin líklega sú að margir "verkalýðsleiðtoganna" þurfa sjálfir enga áhyggjur að hafa af eigin kaupi og kjörum. Fyrir utan laun frá verkalýðshreyfingunni fá ýmsir "forustu"mannanna auk formanna sumra stéttarfélaga góðan bita sem þingmenn, ráðherrar (B.J. um tíma) nefndarmenn hjá ríki eða bæ o.s.frv. Sumir sitja jafnvel í stjórnum fyrirtækja, s.s.J.H. form. verkalýðsfélags Einingar á Akureyri . Er furða þó að baráttuhugur hans og hans líka sé ekki stór.

Margt fleira má trúa til um stefnu ríkjandi verkalýðsforustu, sem er stefna samvinnu við andstæðingana, stéttasamvinnustefna. Sú stefna leiðir ekki til kjarabóta, heldur herts arðráns og kjararýrnunar.

Þeirri baráttu sem er fyrir hendi í dag gegn stéttarsamvinnunni verður að halda áfram, skipuleggja hana og treysta. Andstaðan innan félaga með ríkjandi stéttasamvinnuforystu verður að skipuleggja sig í andstöðulið og mynda sér málefnagrundvöll til að berjast á. Andstöðulið og félög sem eru í andstöðu við stéttasamvinnustefnuna verða að sameinast sem mest um stefnu í kjarabaráttunni og samhæfa baráttuna sjálfa eins og mögulegt er.

EIK(m-l) hafa undanfarið lagt fram mat sitt á það, hver stefna stéttasamvinnuandstöðunnar eigi að vera, jafnframt því, hvernig skipuleggja beri baráttuna. Tvö aukablöð ásamt bæklingnum "Hvaðber að gera" nr.1 hafa tekið málefni andstöðunnar ýtarlega fyrir. Baráttusinnar.Kynnið ykkur það efni og takið þátt í baráttunni gegn stéttasamvinnunni.
GERUM VERKALÝÐSHREYFINGUNA AÐ BARÁTTUHREYFINGU!

Ardrændir og kúgaðir allra landa sameinist!
VERKALÝÐSBLAÐIÐ
Verð:Áskrift 600 kr.
í lausasölu kr.80.

ÚTGEFANDI:Einingarsamtök kommúnista
(marx-lenínista)
Póstfang: Skólastræti 3b,Reykjavík.
Áskrift í síma 35904.

Þetta tbl.VERKALÝÐSBLAÐSINS er offset-prentað og mun svo verða í framtíðinni. Slík prentun er dýr og skorum við því á alla að greiða áskrift sína strax. Mikið efni bíður næsta blaðs og í þessu blaði er mikið efni og kemur það niður á útlitinu,sem við vonum að verði virt við okkur að þessu sinni.
GERUM VERKALÝÐSBLAÐIÐ STÆRRA.

RAUÐ ÆSKA og KSML

Fyrir skömmu voru samtökin Rauð æska stofnuð formlega sem pólitísk samtök ungs fólks. Þá höfðu undirbúningssamtök með sama nafni starfað síðan í haust.

EIK(m-l) átti enga aðild að stofnun undirbúningssamtakanna í haust, en einn félagi úr EIK (m-l) starfaði með þeim fyrri hluta vetrar.

EIK(m-l) taldi þegar í stað rangt að farið með hugmyndir um RÆ. Kennari einn úr KSML hafði umsjón með stofnuninni í haust og lagði hann fram óljósan grundvöll að stefnuskrá þar sem vendilega ver sneitt hjá öllum málum er svonefnd vinstri hreyfing er ósammála um. Samt átti Rauð æska ekki að vera samfylking - heldur "kommúnísk æskulýðssamtök", sjálfstæð að sjálfsögðu. Hins vegar var augljóst að KSML réð samtökunum. Að aflokinni stofnun tók við tími uppbyggingar. Deildir voru stofnaðar í skólum með símtölum eða með því að leita til róttækra fólks eftir tilvísun. Tvö tbl. blaðsins Rauð æska kom út. Fram að jólafríi skóla átti sér engin umræða um stefnu, starfssvið og starfshætti sér stað í RÆ. Einn kynningarfundur um Albaníu var haldinn og félagar aðstoðuðu Baráttusamtök verkafólks við áróðursdreifingu. Lýsandi dæmi er einmitt að finna í þessu - þar sem félagar RÆ höfðu aldrei rætt afstöðuna til BSV og kjarastefnu Baráttusamtakanna.

Félaginn úr EIK(m-L) átti sæti í stjórn RÆ. Þar urðu oft deilur á milli hans og fólks úr KSML. Verður að telja það eðlilegt og sýnir að um tvær leiðir var að velja í uppbyggingu RÆ. Önnur sú að hefja umræður um öll helstu atriði kommúniskrar stefnu og þar með ágreiningsefni vinstri hreyfingarinnar þegar eftir stofnun undirbúningssamtakanna og með öllum félögum RÆ. Hin var sú að sneiða hjá umræðunni og stefna félögum til stofnþings, þar sem KSML beitti svo meirihlutaaðild sinni til að gera stefnu KSML að stefnu RÆ. Staðreyndirnar eru þær að síðari leiðin var valin og eini undirbúningur stofnþings RÆ var fólginn í því að deildir fengu beiðni um að semja einhverja ályktun þingsins. Tillaga félaga EIK(m-l) um aukinn stefnugrundvöll var tekin góð og gild - félaginn barðist hins vegar ekki fyrir því að umræður um samtökin og stefnu alla hæfust sem syrst fyrr en of seint. Gerði EIK (m-l) því tvær villur - skipti sér of lítið af RÆ og barðist ekki nógu snemma fyrir því að staðið væri að smíði kommúniskra samtaka eftir starfsaðferðum marx-lenínismans. Hver viti borinn maður sér að kommúnísk samtök verða að taka afstöðu til ágreiningsefna EIK (m-l) og KSML. Það er ekki rúm fyrir "sjálfstæða" stefnu.

Ástofnþinginu lagði félagi EIK(m-l) og nokkrir ófélagsbundnir menntskælingar fram tillögu með greinargerð. Í greinargerðinni var rakinn hin ranga starfsaðgerð hin ranga starfsaðferð RÆ en tillagan gerði ráð fyrir að stofnþingi væri frestað um nokkurn tíma, eða þar til nauðsynleg stefnumótun félaga hafi farið fram. Þetta þing væri þar með umræðu- og vinnuráðstefna. Félagar KSML beittu sér gegn tillögunni og var hún felld. Gengu flytjendur hennar þá af fundi.

EIK(m-l) telur félaga sinn hafa gert rétt. Félagi EIK(m-l) er bundinn stefnu samtakanna og meirihlutavaldi. Hann getur því ekki starfað í pólitískum samtökum með aðra stefnu í einhverjum mikilvægum málum og lotið meirihluta þar. Slíkt er hentistefna. Að auki vill EIK (m-l) ekki eiga frekar þátt í jafn ólýðræðilegum starfsaðferðum og RÆ hefur sýnt af sér.

KSML ákærð nú EIK(m-l) fyrir "klofningsstarfsemi, skemmdarverk og óheiðarleika",dreifa óhróðri um þátt EIK(m-l) í RÆ og telja loks að EIK(m-l)"miskilji tilgang stofnþings RÆ". Við vísum þessu til föðurhúsanna og eru EIK(m-l) reiðubúin til að mæta fulltrúum KSML eða RÆ hvenær sem er og gera grein fyrir afstöðu sinni.

Rauð æska er í engu frábrugðin KSML nú, enda hefði KSML átt að spara sér ómakið í upphafi og stofna æskulýðssamtök sín þegar í haust. Í undirbúningssamtökum RÆ var einu sinni rætt (í stjórn auðvitað) hvort RÆ ætti að taka jákvæða afstöðu til og styðja stofnun flokks KSML á páskum. Þegar félagi EIK(m-l) sýndi hve fráleitt væri að taka afstöðu til flokks sem ekki er til, var málið látið falla niður.

Nú mun RÆ eflaust enn um hríð koma sér hjá því að blanda sér inn í deilur KSML og EIK(m-l) um flokkinn, en lýsa yfir stuðningi sínum við flokksstofnun og loks gerast æskulýðssamtök flokks KSML á Páskum.

Yfirlýsing frá EIK (m-l)

Á stofnþingi Rauðrar æsku kom til handalögmála milli aðstandenda stofnþingsins og trotskista úr Fylkingunni.

Eftir atburð þennan fór Fylkingin fram á það við EIK(m-l) að EIK(m-l) undirritaði "friðarsáttmála" milli Fylkingarinnar,KSML og EIK(m-l).

EIK(m-l) átti engan þátt í handalögmálum þeim sem um er getið. EIK(m-l) varð ekki við ósk Fylkingarinnar um að undirrita "friðarsáttmála". Í meðfylgjandi yfirlýsingu frá EIK(m-l) koma fram rök fyrir því hvers vegna EIK(m-l) varð ekki við bón Fylkingarinnar.

Í tilefni af brottvísun trotskista Fylkingarinnar og annarra af stofnþingi Rauðrar æsku,ásamt átökum þeim er fylgdu, taka Einingarsamtök kommúnista(m-l),EIK(m-l),fram eftirfarandi:

1. EIK(m-l) skrifa ekki undir "sáttmála" milli KSML,EIK(m-l) og Fylkingarinnar um að"leysa ekki deilur samtakanna með líkamlegum átökum".

Ástæður eru þessar helstar:

a) EIK(m-l) telur enga þörf á að lýsa yfir einhverju varðandi samskipti sín og Fylkingarinnar né annarra samtaka.

EIK(m-l) hefur ekki látið hendur skipta í samskiptum sínum við Fylkinguna og mun ekki gera það að ósekju.

b) Í yfirlýsingunni sem Fylkingin og KSML undirrituðu áður en EIK(m-l) fékk hana í hendur stendur: "innan verkalýðshreyfingarinnar berjumst við með orðum". Þetta er ógilt með öllu og veit það sérhver,sem hefur t.d. kynnst verkfallsbrotum og sögu verkalýðshreyfingarinnar

2. EIK(m-l) þarf ekki að undirrita "sáttmála" þessarar tegundar milli KSML og EIK(m-l),eins og ráð er fyrir gert í bréfi Fylkingarinnar,enda samskipti samtakanna tveggja félagslegri en svo.

3. EIK(m-l) átti engan þátt í handalögmálum á stofnþingi Rauðrar æsku. Einn fulltrúi EIK(m-l) - sem félagi í undirbúningssamtökum RÆ - samþykkti að trotskistum yrði vísað á dyr.Það var röng afstaða,þar eð þingið var að minsta kosti auglýst öllum opið í einum menntaskóla í Reykjavík. Félagi þessi vildi hins vegar (í umræðunum fyrir þingið) að aðild að umræddu stofnþingi yrði aðeins leyfð þeim,er höfðu starfað með undirbúningssamtökunum.

Einingarsamtök kommúnista(m-l) mun ávallt halda venjuleg fundarsköp og umgengnisvenjur - og koma fram í samræmi við kjörorðið um að þjóna alþýðufjöldanum.

Öllum gróusögum um að EIK(m-l) telji Fylkinguna "fasísk samtök" eða hafi eða munu berja Fylkingarfélaga við helstu tækifæri vísum við þegar í stað á bug sem hlægilegum tilraunum til að leika píslarvætti.

f.h. EIK(m-l)
Ari Trausti Guðmundss.
formaður.

(Þessi yfirlýsing var send til birtingar í Neista,Stéttabaráttunni og Verkalýðsblaðinu.)

UTAN ÚR HEIMI

FINNLAND Í FAÐMI SOVÉTRIKJANNA

Sovétríkin vilja takmarka hlutleysi Finnlands. Það er ekki hægt að skilja túlkun Sovétr. á vináttusáttmála Finnlands og Sovétr. á annan hátt. Þetta kemur m.a. í ljós í nýrri sovéskri bók, í grein sem skrifuð er af "Komissarov".

Sáttmáli um vináttu, samvinnu og gagnkvæma aðstoð milli Finnlands og Sovétr. var samþykktur árið 1948. Sáttmálinn var gerður til þess að koma í veg fyrir að Finnland slægist í bandalag með féndum Sovétríkjanna ef á þau yrði ráðist, eins og gerðist í annarri heimsstyrjöldinni. Sömuleiðis var markmiðið að bæta samband landanna, sem og varð reyndin.

Með öfugþróuninni í Sovétr. hófst einnig öfugtúlkun á sáttmálanum. Endurskoðunarsinnarnir í Sovétr. hafa reynt að gera sáttmálann að vopni í baráttu sinni við að gera Finnland sér undirlagt, eða það sem kallað er "finlandísering".

Algerlega ný túlkun kom fram í sovéskri bók 1974, sem heitir "Finnland finnur leið sína" og er eftir mann sem kallar sig Juri Komissarov.

== Í fyrstu grein sáttmálans frá 1948 stendur m.a.:

"Ef Finnland verður fyrir árás eða Sovétr. verða fyrir árás í gegn um finnskt landsvæði, frá Þýskalandi eða öðru ríki í bandalagi við það, er Finnland bundið af skyldum sínum sem sjálfstætt ríki, að berjast til að hrinda árásinni."

Komissarov túlkar þessa grein á eftirfarandi hátt:

"Finnland hefur skuldbundið sig í sáttmálanum frá 1948 til að afneita hlutleysi sínu og berjast með Sovétríkjunum gegn öllum egningaræfintýrum þýsku stríðsæsingarmannanna eða bandamönnum þeirra gegn Sovétr. og sem varða landsvæði Finnlands."

Nú er nokkur munur á því að segja "að berjast með Sovétríkjunum", eins og Komissarov segir og því að segja eins og sáttmálatextinn segir að vera "bundinn af skyldum sínum sem sjálfstætt ríki". Það ætti að vera algerlega ósamrýmanlegt tilveru Finnlands, sem sjálfstæðs ríkis ef það gerðist bandalagsríki risaveldis.

Athyglisverðari er túlkun Komissarovs á því hvenær þessi ákvæði sáttmálans skulu taka gildi. Í sáttmálanum stendur að það skuli gerast þá fyrst að vopnuð árás yrði gerð á Finnland. Komissarov falsar þetta og segir að það skuli gerast þegar Þýskaland eða bandalagsríki þess sýni áreitni gagnvart Sovétríkjunum, eða það sem hann kallar, "egningaræfintýri". Þetta kemur betur fram hjá honum í bókinni:

"Það myndi alla vega vera rangt að túlka það alltof strangt, alltof bókstaflega hvað við er átt með "árás eða árásarhótun á Finnland eða Sovétr. í gegn um Finnland". Það er spurningin um öryggi Finnlands í víðri merkingu, öryggi, sem er tengt og mjög háð því hernaðarpólitíska ástandi, sem upp kemur í N-Evrópu og á Eystrasalti."

==Í inngangi sáttmálans stendur að hann sé gerður "með tillititil viðleitni Finnlands til þess að halda sér utan við hagsmunaandstæður milli stórveldanna...". Þetta á að túlka, samkvæmt Komissarov í þá átt að utanríkisstefna Finnlands megi ekki "rekast á við hernaðarpólitísku greinar sáttmálans frá 1948 eða við skyldur ríkisstjórnar Finnlands samkvæmt honum og sem þýða að vináttu og nágrannasambandi sé haldið við Sovétríkin."

Tékkneska alþýðan veit hvað herrarnir í Moskvu meina með "góðu nágrannasambandi" og því sem rétt er og því sem ekki er rétt.

==Þessi bók Komissarov er mikilvæg heimild. Hún hefði ekki fengist gefin út á samþykkis valdamanna. Hún sýnir hvernig forsprakkarnir í Sovétríkjunum reyna að skifta sér að innri málefnum annarra landa.. Hún ætti að vera þeim skyldunámsefni, sem halda að við munum fá "frið á okkar tímum" vegna skjals þess sem undirritað var á "öryggisráðstefnunni" í Helsinki.

ANGOLA
framh. af forsíðu

ríki um "tæknilega og efnahagslega samvinnu", þar af eru 26 ríki í Afríku.

Með því að ná fótfestu í löndum Afríku, fá Sovétr. ekki aðeins aðgang að hráefnum og ódýru vinnuafli, heldur hernaðaraðstöðu, sem er nauðsynleg heimsveldasinnuðu risaveldi. Þetta og ekkert annað er tilgangurinn með "aðstoðinni" við MPLA í Angólu.

Á hinn bóginn reyna Bandaríkin að viðhalda og auka ítök sín, sem þau höfðu í gegn um nýlenduveldi portúgala. Í Angólu starfa mörg bandarísk stórfyrirtæki.

HVAÐ HEFUR GERST?

Allar hreyfingarnar, MPLA FNLA og UNITA eru þjóðfrelsishreyfingar, sem börðust gegn portúgölsku nýlenduherrunum. Á milli hreyfinganna hefur verið náið samband þar til risaveldin tóku í taumana.

MPLA og FNLA áttu t.d. miklar viðræður um baráttueiningu gegn portúgölum. FNLA og MPLA gerðu síðan mjög ýtarlegan samning árið 1972. Í samningi þessum er gert ráð fyrir algerri pólitískri og hernaðarlegri sameiningu hreyfinganna tveggja í eina hreyfingu, með Holden Roberto, leiðtoga FNLA, sem fremsta mann.

Árið 1972 er full samstaða um algera sameiningu MPLA og FNLA, í dag stríð á milli þessara hreyfinga.

Endurskoðunarsinnar segja Roberto hafa verið á mála hjá CIA, en samt samþykkti MPLA hann sem leiðtoga. Sovétríkin kalla stríðið í Angólu borgarastríð, stríð á milli MPLA annarsvegar og FNLA og UNITA hinsvegar. Þetta er hróplegur þvættingur. Í landinu eru yfir 12000 kúbanskir hermenn og yfir 1000 sovéskir "ráðgjafar". Kúbanir fljúga sovéskum MIG 21 - flugvélum og stýra ásamt sovétmönnum hernaði MPLA.

Blaðamaður sænska blaðsins Dagens Nyheter, Anders Johanson, sem fylgt hefur MPLA að máli, segir 28 og 30 janúar að "ef kúbanir hefðu ekki gripið inn í stríðið hefði MPLA e.t.v. orðið að hefja skæruhernað" og "Kúbönsku skriðdrekasveitirnar hafa með höndum leiðandi hlutverk í stríðinu. Sveitir MPLA fylgja þétt á eftir og treyggja það svæði sem unnist hefur."

Þegar erlendar hersveitir - sem eru a.m.k. 25% af herliði MPLA-leiða stríðið á venjubundinn hátt, þá er þetta stríð fyrir löngu hætt að vera borgarastríð - það er orðið innrásarstríð.

HVER STYÐUR HVERN Í REYND?

Borgarafjölmiðlar segja að MPLA sé sósíalísk hreyfing og endurskoðunarsinnar t.d. Þjóðviljinn segja að MPLA sér eina aflið, sem tryggt geti Angólu gegn ný-nýlendustefnu.

Fjármálaráðherra MPLA, Saydi Mangas, sagði í des. s.l. að sambandið við Gulf Oil, bandaríska einokunarauðhringinn, væri mjög gott. Samkvæmt Los Angeles Times 4.des. '75, hefur forstjóri Gulf Cabinda, Sydney Anderson sagt að GULF borgi árlega 500 milljónir dollara til Angóla í gjöld. MPLA hafi fengið fyrstu 100 millj. í september og ætti að fá 125 millj. 31.desember.

Annað stórfyrirtæki, demantafyrirtækið DIAMANG, hefur líka góð samböndvið MPLA. Allar námur Diamang eru á svæði sem MPLA ræður. Og á sama hátt og GULF borgar Diamang stórar fjárfúlgur til MPLA. Það er einnig eftirtektarvert að stór hluti hlutabréfa Diamang er í eigu Suður-Afríkanskra aðila.

Í blaðinu Diario de Luanda 3, des. '75, sem MPLA ræður, birtist auglýsing frá Diamang. Þar stendur m.a. "Demantafyrirtækið í Angóla (Diamang). Starfrækir vinnslu og leit að demöntum í þjónustu hins nýja óháða Angóla." MPLA hika ekki við að auglýsa starfsemi erlendra auðhringa í blöðum sínum og lætur gott heita að þeir kalli hana "í þjónustu hins nýja og óháða Angóla".

Þessar upplýsingar allar er hægt að lesa í alþjóðlegum fjölmiðlum og í angólskum blöðum. Þær eru því ekki sagðar hér til þess að níða niður MPLA. Heldur til þess að sýna að það eru þrjár þjóðfrelsishreyfingar í Angólu og að þær eru ekki frábrugðnar hvor annarii í grundvallaratriðum. Þær eru hinsvegar skotspænir í hagsmunabaráttu risaveldanna.

Dæmið um Gulf sýnir að risaveldin hika ekki við að veðja á báða aðila. Bandaríkin láta stuðning sinn í gegn um CIA og reyna að kaupa FNLA og UNITA. Bandaríkin gefa fé til MPLA í gegn um Gulf. Sovétríkin láta MPLA hafa skriðdreka, flugvélar og mikið magn af vopnum, á meðan þau selja vopn til að granda skriðdrekum til FNLA í gegn um tékkneska fyrirtækið Omnipol. Þetta sýnir augljóslega hverjir eru raunverulegir óvinir Angólu.

ALLT ERLENT HERLIÐ ÚT ÚR ANGÓLU!

STOFNUM....
frh af bls 1.

Alþýðubandalagsfulltrúinn og fulltrúi KSML töldu ekkert sérstakt tilefni til baráttufundar og aðgerðir á Norðurlöndum væru svo smálegar að "óþarfi" væri að reyna aðgerðir, "enda tími naumur" og "betra að bíða og sjá". Fulltúi EIK(m-l) var ekki á þessum fundi, einum allra funda nefndarinnar frá upphafi. EIK(m-l) hafði þegar í stað samband við FUJ, Samtök ungra frjálslyndra og vinstri, SÍNE, Stúdentaráð, kennaranema ofl. - fyrst í stað til að halda aðgerðir þessa umræddu helgi, en svo er það reyndist ókleift, til að samstilla átak fulltrúanefndarinnar og þessara aðila. Var því stefnt að aðgerðum næstu helgi, 31.1.-1.2.

GAGNRÝNI EIK(M-L)

EIK(m-l) álíta sig ekki bundin af samfylkingum á þann hátt að samtökin megi ekki gagnrýna samstarfsaðila sína eða störf samfylkingarinnar á eigin vegum. EIK(m-l) beygir sig undir þá reglu að málfrelsi gildir ekki á vegum samfylkingarinnar eða í málgögnum hennar - í aðgerðum og málgögnum samfylkingarinnar á að ríkja eining. Í ljósi þessa gagnrýndi EIK(m-l) yfirlýsta sósíalista og kommúnista (AB.og KSML) í nefndinni fyrir slen og afturhaldsstefnu í málinu í VERKALÝÐSBLAÐINU. Blaðið var í prentun hjá "NÝSKÖPUN S/F" er nefndarfundur var haldin fimmtudaginn, þar gengu KSML, AB, Framsókn og SFV fyrir skjöldu og töldu enn ekki tilefni til fundar eða baráttuaðgerða um helgina - rökin þau sömu og áður. Og það á meðan verið var að makka um veiðikvóta Breta í ríkisstjórn. Kennarar og EIK(m-l) vildu baráttufund þegar sunnudaginn 1.2. Urðu úrslit þau að haldinn skyldi blaðamannafundur, en aðgerðir einhvern tíma síðar. Dró síðan fulltrúi KSML upp nokkrar síður af VERKALÝÐSBLAÐINU - sem var þá óútkomið og lagði fram gagnrýni EIK(m-l) sem "árásir", "róg" ofl. Varð af þessu mikið hark. Vildi fulltrúi EIK(m-l) verja leyfi til gagnrýni og inntak hennar. Aðalatriði þess er þetta:

Nefndin skipuleggur, eflir ekki eða reynir fjöldabaráttu, heldur stendur vísvitandi gegn slíku. Fjöldabaráttan er eina færa leiðin til sigurs í málinu og hana þarf að skipuleggja með þrotlausri vinnu og tilraunum til aðgerða. Töluleg stærð skiptir ekki höfuðmáli - 100 baráttumenn eru betri en óvirk fulltrúanefnd. Staðreyndin er sú að fyrst og fremst Framsókn, AB, KSML, sátu aðgerðalausir á meðan hver stórviðburðurinn rak annan allan janúarmánuð og sitja enn (2o. feb.) Það er mergurinn málsins. Fyrir slíka "fjöldaafstöðu" b ber að gagnrýna aðilana harkalega og stoðar þeim lítt að benda á EIK(m-l) og hrópa "Úlfur, úlfur!!"

BROTTREKSTURINN

Samstaða varð milli AB, SFV og KSML um að vísa EIK(m-l) úr nefndinni. FUJ og SUF sátu hjá. En skipulagning fjöldabaráttu er enn sem fyrr stefnumál EIK(m-l) en ekki nefndarinnar. Eftirfarandi ályktanir eru dregnar af vegferð fulltrúanefndarinnar:

1. Hún er jafn máttlítil og "samstarfsnefndin" stóra (stjórnarandstaðan, ASÍ og samtök áhugafólks um sjávarútveg).
2. Hún er andstæð fjöldabaráttu í raun.
3. SUF taka auðvitað mið af móðurflokknum og vilja "fara varlega".
4. FUJ og SFV eru atkvæðalítil samtök, en þó sérstaklega SFV, því ungir kratar stóðu sig einna best í nefndinni.
5. ÆNABR (æskulýðsnefnd AB í Rvk) leikur þingræðisskollaleikinn með AB -forustunni. Ekki má vekja fjöldabaráttu því þá fellur "lausn" AB í landhelgismálinu - ný ríkisstjórn með AB - um sjálfa sig og fólk með trú á eigið baráttuafl gengur fram hjá aflvana þingræðisflokki.
6. KSML starfar ekki skv. kjörorðinu "Með fjöldanum fyrir fjöldann" í landhelgismálinu - hvernig sem samtökin reyna að réttlæta samtökin, reyna að réttlæta samstöðu sína með nefndinni um að "bíða" og hvernig sem þau ásaka EIK(m-l) fyrir stigamennsku.

Af þessu leiðir:
BYGGJUM RAUNVERULEG FJÖLDASAMTÖK ÁÐUR en það verður of seint.



VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Gerist Áskrifendur GREIÐIÐ ÁSKRIFT
sími - 35904 GÍRÓ 12200

ÖRLÖG JÁRNBLENDIS OG UNION CARBIDE

Hver man ekki eftir samstilltu átaki ríkisins, Alþýðubandalagsráðherranna og einokunarauðvaldsins við að koma upp járnblendiverksmiðju í Hvalfirði?

Vopnaframleiðandinn Union Carbide var ágætur viðskiptavinur þegar ágóðavon auðvaldsins var einhver. EIK(m-l),mörg framsækin öfl og alþýðufólk börðust gegn járnblendiáætluninni - s.l. vor var haldin velheppnuð mótmælaaðgerð í Reykjavík. Þá hafði Alþýðubandalagið reynt að tefja skipulagningu fjöldabaráttu og m.a. haft samband við EIK(m-l) og beðið um að aðgerð yrði frestað meðan Alþýðubandalagið reyndi að stöðva málið í nefndum Alþingis. EIK(m-l) svaraði neitandi,enda vitað mál hvernig fór á Alþingi.

Þegar hafist var handa um framkvæmdir á Grundartanga úthelltu forsvarsmenn þeirra mörgum orðum um meirihlutavald ríkisins(="fólksins") og gagnsemi verksmiðjunnar fyrir þjóðarbúið. Union Carbide og verktakarnir reyndust síðan skuldsegir með afbrigðum - bæði greiddu þeir seint laun og bjuggu afarilla að vinnufólki.

Þegar búið var að róta til á staðnum í nokkurn tíma var framkvæmdun hætt. Þá hvað allt í einu við annan tón. Forráðamenn auðhringsins vildu "endurmeta hagkvæmni" verksmiðjunnar,seinka eða jafnvel hætta við allt saman. Nú heyrðist ekki orð um "jákvæð áhrif á nærsveitirnar",um "lyftistöng ísl. iðnaðar" og meirihlutavald ríkisins. Íslenska auðvaldið og hið erlenda sjá kreppuhorfurnar og bera sameiginlegan hag af því að draga úr framkvæmdunum.

Þetta sýnir að íslenskri alþýðu er enginn hagur í starfsemi erlendra auðhringa hérlendis,né heldur í aðgerðum ríkisvaldsins. Gegn báðum aðilum verður að berjast ósættanlegri baráttu - og er þá sama hver auðhringurinn er og hvaða svikaflokkar sitja í ríkisstjórn.

Og kjörorðið er:
Til baráttu gegn allri erlendri stóriðju! - verndum pólitískt og efnalegt sjálfræði gegn heimsveldunum.

EIK(m-l) telur að alröng staðhæfing komi fram í greinargerð í Stéttabaráttunni - málgagni KSML: "Við berjumst ekki gegn stóriðju vegna þess að hún sé stóriðja(vissulega réttminnsk.V.bl.). Slík barátta er afturhaldssöm vegna þess að stóriðja er tækni nútímans.Við berjumst gegn afleiðingum hennar á umhverfi sitt.." (undirstr.V.bl.)

Verkalýður og vinnandi alþýða berst ekki gegn stóriðju(og mun ekki gera það,vegna þess að hún er þróaðri framleiðslutækni, heldur vegna þess að stóriðja auðvaldsins,(og það er hún þar til verkalýður og alþýða yfirtekur hana) ógnar vinnandi fólki.Ekki eingöngu með mengunarhættu, heldur fyrst og fremst með skerðingu efnalegs og pólitísks sjálfstæðis Íslands gagnvart sterkari auðvaldsríkjum og eyðileggingu á búsetu úti á landsbyggðinni. Erlend stóriðja er hluti af samþjöppun byggðar í landinu og liður í árás einokunarauðvaldsins á alþýðuna.

Við alþýðu við Eyjafjörð og á Norðurlandi segjum við:
- Til baráttu gegn fyrirhuguðu álveri í Eyjafirði.

Ari Trausti Guðmundsson endurkjörinn formaður EIK(m-l)

AÐ LOKNU 2. LANDSÞINGI. VIÐTAL VIÐ FORMANN EIK(M L)

EININGARSAMTÖK KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA) HÉLDU II.LANDSÞING SITT UM MÁNAÐARMÓTIN JAN-FEB. FULLTRÚAR ALLRA EININGA SAMTAKANNA SÁTU ÞINGIÐ, SEM STÓÐ Í TVO DAGA. FYRIR ÞINGINU LÁGU ÝMSAR ÁLYKTANIR, ENDURMAT OG GAGNRÝNI Á ÝMSA HLUTA STEFNU EIK(M-L), STARFSÁÆTLUN OFL.

Sp: LANDSÞING SEM ÞETTA ERU ÁFANGAR Í STARFI PÓLITÍSKRA SAMTAKA. ÞARF EKKI AÐ UNDIRBÚA SVONA ÞING VEL?

Ari Trausti: Í raun og veru er sérhvert starfsár undirbúningur að næsta landsþingi, því samtökin starfa allan tímann eftir ákveðinni áætlun. Fyrir þessu þingi lá starf fyrsta starfsárs EIK(m-l). Auk þess hafði starf samtakanna sýnt fram á galla. Þegar gallarnir voru tengdir pólitískri stefnu sýndi sig að þar voru villur sem þurfti að leiðrétta. Undirbúningur þingsins var því mikið fólginn í að framkvæma leiðréttingarherferð, þ.e.a.s. taka til gagngerðar umræðu stefnuatriði í öllum samtökunum. Niðurstöður voru birtar á þinginu og ræddar og afgreiddar þar í bili. Svo þurfti auðvitað að undirbúa ályktanir t.d. um kommúnistaflokkinn og almenn stjórnmál.

Sp: HVAÐA VILLUR VORU LEIÐRÉTTAR?

AT: Menn verða að átta sig á að EIK(m-l) átti að hluta til rætur meðal marx-lenínista sem börðust innan Fylkingarinnar og að hluta til rætur meðal fólks, sem aldrei hafði verið skipulagt í róttækum samtökum (borgaraleg stefna), endurskoðun á marxismanum, var þar af leiðandi til staðar í samtökunum. Barátta milli þeirrar stefnu og framsækinnar kommúnískrar stefnu var og er óhjákvæmileg í EIK(m-l). Leiðréttingin er ekkert annað en ásýnd þessarar baráttu. Í fyrsta lagi var mögulegum samherjum í einstökum málum blandað saman við bandamenn verkalýðsins í framkvæmd sósíalískrar byltingar og smíði alræðis öreigaganna. Vissulega var bent á einokunarauðvaldið - SÍS, SH, ríkið, Flugleiðir, Eimskip ofl - sem höfuðandstæðinga og það réttilega, en aftur á móti talað um smákapitalista sem mögulega samherja í mjög mörgum málum í baráttu gegn einokunarauðhringunum og ríkinu. Þetta er alvarleg endurskoðunarstefna, því borgarastéttin sem heild á sameiginlegra hagsmuna að gæta sbr. kaupgjaldbaráttuna. Einokunarauðvaldið ræður í stórum dráttum ríkisvaldinu, en einokunarvana auðvald er nánasti bandamaður þess. Það er því mikilvægara að vinna bændur, sjálfseignasjómenn og vinnandi fólk allt til samstöðu undir forustu verkalýðsins gegn einokunarauðvaldinu og ríkinu, en leita eftir samstöðu með aðilum sem kynnu að styðja framsæknar aðgerðir vegna eigin gróðasjónarmiða. En auðvitað getur verið rétt að nýta slíkan stuðning t.d. ef um er að ræða eyðingu atvinnu á afskektum stöðum. Í öðru lagi teygði EIK(m-l) öreigastéttina (verkalýður í víðustu merkingu) of langt, hvað snertir flokkun starfshópa í stéttina, þannig að t.d. sjálfstætt og ráðandi fólk, t.d. allir kennarar eða tæknifræðingar, voru taldir öreigar. Þetta leiddi til vanmats á mikilvægi verkalýðsins í framleiðslunni og reikuls starfs og lítillar áherslu á verkalýðsstarfið. EIK(m-l) féll aldrei í þá gryfju að telja alls konar óframleiðið fólk, afgreiðslufólk og óbreytt skrifstofufólk ekki til verkasýðs(öreiga) - en stéttgreiningin var of óljós

Sp: HVAÐ MEÐ MÁL EINS OG STOFNUN KOMMÚNISTAFLOKKS OG AFSTÖÐU TIL ALÞÝÐUBANDALAGSINS OG SOVÉTVINÁTTU ÞESS?

AT: Jú, EIK(m-l) miðaði starf sitt of lítið að undirbúningi flokksstofnunar. Við gerðum þá vi villu að gera of miklar kröfur til flokks í upphafi vegar, álíta stofnun hans frekar fjarlæga. Við mátum líka réttilega EIK(m-l) fyrstu marx-leníníska samtökin, en KSML sem samtök þar sem marx-lenínismi væri í sókn, en ekki ríkjandi. KSML gerðu svo EIK(m-l) tilboð um stofnun flokks á páskum nú í ár og sameiginleg nefndarstörf að því, fyrir utan að smíða baráttueiningu í sem flestum málum. Eftir miklar umræður í EIK(m-l) og á þinginu er endanleg og leiðrétt afstaða okkar ljós. EIK(m-l) neitaði aldrei flokksstofnun með KSML, en setur sem skilyrði að marx-lenínistar sameinist um grundvallareiningu varðandi marx-lenínismann, skipulag flokksins og nothæfa baráttustefnu í aðalmálum stéttarbaráttunnar sem fyrsta lið í uppbyggingu flokksins. Þetta er gert vegna þess hve stórt bil er á milli samtakanna og þeirrar staðreyndar að KSML eru ekki marx-leníníst samtök m.a. vegna stéttgreiningar sinnar, broti á samfylkingarstefnu og þeirrar afstöðu að KSML hafi verið marx-leníníst samtök meðan þau ráku gagnbyltingarsinnaða einangrunarstefnu 1971-74. EIK(m-l) stofnar ekki flokkinn ein sér. KSML ætlar að gera það án þess að vinna í raun að einingu - heldur stofna flokk með því að láta fastákveðna tímasetningu og eigin hagsmuni ákvarða "einhverja einingu", Þingið okkar samþykkti ályktun um flokkinn og lýsir þar flokk KSML og störf samtakanna sem hentistefnu og tækifærispólitík.

Sp: HVAR ER HÆGT AÐ LESA ÞESSA ÁLYKTUN?

AT: EIK(m-l) mun gefa út allar samþykktir landsþingsins og fleira í bæklingi sem ber heitið " Fram til stofnunar Kommúnistaflokks Íslands - Hvað vill EIK(m-l)?" - Varðandi Alþýðubandalagið og Sovét er þetta að segja: EIK(m-l) tók ekki nægilega einarða afstöðu gegn AB-forustunni og afhjúpaði hina hættulegu endurskoðun þeirra á marxismanum alls ekki nægilega vel. Við lýsum nú þessum aði aðilum sem hluta einokunarauðvaldsins vegna stöðu þeirra í ríkisbákninu, bönkum, nefndum, atvinnurekstri og stéttasamvinnu "verkalýðsforystunnar". Héðan í frá berjumst við ósættanlegri baráttu við AB-toppana og gegn endurskoðunarstefnunni. Við stuðningsfólk AB úr hópi vinnandi alþýðu viljum við hafa samstarf í afmörkuðum málum, enda er þar almennt fjöldi framsækins fólks. Sovétríkin eru alls staðar í sókn, í Indlandi Angóla, Víetnam, í Evrópu og auðvitað hér. Miklir viðskiptasamningar eru gerðir fyrir atbeina Framsóknar og AB og hernaðaræfingar utan Austfjarða. Menn muna afstöðuna til fiskveiðideilunnar og umsókn um aðstöðu fyrir Sovét og Kúbu hérlendis. Sovétríkin eru annar aðalfjandi alþýðu heimsins og andstæðurnar milli þeirra og Bandaríkjanna verða æ skarpari. Mikil hætta er á heimsstyrjöld og mun EIK(m-l) leggja sitt af mörkum til að styrkja baráttu byltingar- og þjóðfrelsisafla gegn þessari hættu. Óháði Íslands gagnvart risaveldunum er nauðsyn, því þýðir lítt að berjast gegn NATO og hernum ef baráttu gegn Sovétríkjunum er sleppt. Og er forysta Framsóknar og AB þar verri viðureignar en afturhaldið úr Sjálfstæðisflokknum - en "barátta" þess gegn Sovét er aðeins liður í herferðinni gegn kommúnismanum því þau útmála auðvaldskúgunina í Sovér sem "kommúnismann". Framsæknu fólki er enginn stuðningur af þessu - þvert á móti.

Sp: EITTHVAÐ AÐ LOKUM?

AT: Ekki annað en það að fyrsta starfsár EIK(m-l) og landsþingið sýna að marx-lenínismin er ráðandi í samtökunum og þau starfa heiðarlega að því að beita honum við íslenskar aðstæður.EIK (m-l) á gott samstarf við allar höfuðhreyfingar marx-lenínista á Norðurlöndum og víðar, þannig að EIK(m-l) er hluti heimshreyfingarinnar. Nú er verið að vinna að för til viðræðna við Flokk vinnunnar í Albaníu.
Ég er sannfærður um að EIK(m-l) er á réttri leið, samtökin stækka og eflast, þannig að því má slá föstu að kommúnísk hreyfing er orðin þáttur í stéttabaráttunni á ný á Íslandi. Þá er venjulega skammt að bíða stærri og stærri sigra.

EIK(m-l)

skrifstofan opin:

Skólastræti 3b
Reykjavík

Mánud.: kl. 16-17
Föstud.: kl. 17-19
Laugard.: kl. 14-16

Lítið inn - kynnið ykkur starf og stefnu EIK(m-l)
Kaupið efni OKTÓBERS